

I. Tillaga til 409. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 30. nóvember 2017

Tillaga 488. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 22. nóvember sl., um að samþykkja óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. Hestamannafélagið Hending - Reiðhöll stækkun lóðar - 2017100057

Lagður er fram uppdráttur frá Verkís hf. dags. 17.11.2017 af óverulegri breytingu á deiliskipulagi í Engidal sem samþykkt var í bæjarstjórn 28.01.2010. Breytingin felst í því að lóð er afmörkuð fyrir reiðhöll og byggingarreitur er stækkaður, jafnframt eru uppfærðar hættumatslínur og lega árinna.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingu skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Nefndin telur staðsetningu hússins vera ásættanlega m.t.t. nálægðar við Engidalsá, ekki er um neina tilfærslu á fyrri skipulagi, svæðið er allt mjög raskað. Jafnframt er staðsetning væntanlegrar reiðhóllar í samræmi við það sem er með önnur hús á svæðinu.